

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun, Hagkerfið 1, 101 Reykjavík

Telefon: 470 4700
Fax: 470 4701

E-mail: ust@ust.is
www.ust.is

Umhverfisstofnun, U.S.T.

Umhverfisstofnun, U.S.T.

30. júní 2004

Tilvísun: UST20040600136/á

Umhverfisstofnun
Áb. 107
30 JUNI 2004
54.52
Tilv. UST20040600136

Norðausturvegur, tenging Vopnafjarðar við Hringveg. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 15. júní sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina.

Náttúruverndaráætlun 2004-2008

Í tillögu að matsáætlun segir: „Í tillögum Umhverfisstofnunar að drögum að náttúruverndaráætlun er lagt til að Hofsá sé sett á Náttuverndaráætlun. [...] Í drögum að náttúruverndaráætlun 2004-2008 eru nefnd svæði sem stefnt er að því að friðlýsa en Hofsá er ekki þar á meðal.“ Að mati Umhverfisstofnunar er þessi umfjöllun fremur óskýr. Í tillögum Umhverfisstofnunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008 er fjallað um 75 svæði sem ástæða er til að friðlýsa og er Hofsá og vatnasvið hennar þar á meðal. Í náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem umhverfisráðherra lagði fram og samþykkt var á 130. löggjafarþingi er fjallað um 14 svæði sem vinna skal að því að friðlýsa á því tímabili sem áætlunin nær yfir. Hofsá er ekki þar á meðal. Hins vegar er ljóst að náttúruverndargildi Hofsár hefur verið staðfest í tillögum Umhverfisstofnunar og ekki ólíklegt að tillaga verði gerð að friðlýsingu árinna á komandi árum. Bent skal á að Umhverfisstofnun er nú að hefja endurskoðun á náttúruminjaskrá en við þá vinnu verður tekið mið af tillögum stofnunarinnar um náttúruverndaráætlun.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar

Umhverfisstofnun tekur undir þá umfjöllun framkvæmdaraðila að mismunandi áhrifasvæði gildi fyrir mismunandi áhrifaþætti. Í kafla 2.2. í tillögu að matsáætlun eru taldir upp þeir þættir sem skoðaðir verða og að aflað verði upplýsinga um umfang áhrifasvæðis hvers þessara þátta. Miðað við þá upptalningu virðist sem einungis eigi að afmarka áhrifasvæði fyrir hluta þeirra umhverfisþátta sem fjallað verður um í skýrslunni, sbr. kafli 3.1.1 til 3.1.14. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að afmarka áhrifasvæði fyrir alla þá þætti sem matið tekur á.

Hávaði og mengun

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að leggja eigi mat á umferðarhávaða mismunandi leiða á og í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Jafnframt kemur fram að kannað verði hvort framkvæmdin muni hafa áhrif á vatnsból á svæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að greina ítarlegar frá því hvernig standa eigi að mati á hávaðamengun. Að mati stofnunarinnar er vart þörf á ítarlegri úttekt á hljóðmengun meðfram fyrirhuguðum vegi. Fari vegurinn hinsvegar nærri viðkvæmum viðtökum s.s. íbúðabyggð eða frístundabyggð er þörf á að athuga hvort hljóðstigi fari yfir þau viðmið sem sett eru fram í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða. Jafnframt telur stofnunin að rétt sé að fjalla um hugsanlega breytingu á hljóðstigi þar sem vegurinn liggur næst Hofsá. Telja má að bakgrunnsgildi vegna áriðar og háir bakkar sem skilja á milli árinna og fyrirhugaðs vegar muni gera það að verkum að engin breyting verði á hljóðstigi frá því sem nú er. Vegna veiði- og útivistarhagsmuna telur Umhverfisstofnun þó rétt að þessu sé svarað í matsskýrslu.

Umhverfisstofnun telur ekki þörf á að gerð sé úttekt á breytingu á loftgæðum meðfram vegi. Bakgrunnsgildi eru lág og ársútfærsla um veginn gefur ekki ástæðu til að gerð sé sérstök úttekt á loftmengun.

Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að fjalla um hugsanlega mengunarhættu af völdum afrennslis frá vegi í viðkvæma viðtaka, s.s. vatnsból og Hofsá, sérstaklega mengunarhættu af völdum slysa.

Gróðurfar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í matsskýrslu verði gert gróðurkort, fjallað verði almennt um gróðurfar á öllu veglínusvæðinu og að gerð verði grein fyrir sjaldgæfum eða sérstæðum gróðurlendum eða tegundum.

Umhverfisstofnun telur að í matsáætlun ætti að útlista nánar hvaða gögn er um að ræða varðandi gróður, s.s. mælikvarða gróðurkorta, og hvaða aðferðum verði/hafi verið beitt við rannsóknir á gróðurfari. Að mati Umhverfisstofnunar ætti mælikvarði korta af gróðurhverfum að vera í mælikvarðanum 1:5000 til 1:15.000, eftir því hversu stór svæði er verið að kortleggja. Jafnframt telur stofnunin að birta ætti yfirlitskort af gróðurlendum í matsskýrslu. Stofnunin telur einnig mikilvægt að í umfjöllun um gróður í matsskýrslu komi skýrt fram hvar sjaldgæfar tegundir eða tegundir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna á þeim leiðum sem fjallað er um í skýrslunni. Æskilegast væri að afmarka á korti fundarstaði þessara tegunda.

Fuglalíf

Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að í matsáætlun sé gerð skýrari grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var fuglarannsóknir. Að mati stofnunarinnar er eðlilegt að varpfuglar séu taldir á sniðum og þéttleiki þeirra á öllu fyrirhuguðu vegstæði metinn, Rétt væri að fjalla um staði þar sem fuglalíf er sérstætt á einhvern hátt, gera grein fyrir fágætum tegundum og lýsa áhrifum framkvæmdar á fuglalíf á héraðs- og landsvísu.

Umhverfisstofnun telur einkar mikilvægt að gróðurfars- og fuglarannsóknnum sé lýst nánar í þessari matsáætlun í ljósi þess að þær hafa þegar að mestu farið fram, svo umsagnaraðilar fái vitneskju um hvernig staðið hafi verið að verki. Má benda á að ef miðað er við þann tímaramma matsferilsins sem kynntur er í þessum drögum, gefst takmarkað ráðrúm til að ráðast í frekari rannsóknir á viðeigandi tíma ef ábendingar umsagnar- eða hagsmunaaðila gefa tilefni til þess við gerð þessarar matsáætlunar.

Hreindýr

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þá aðferðafræði sem nota á við mat á áhrifum á hreindýr á svæðinu. Stofnunin bendir hins vegar á að hætta hefur skapast fyrir vegfarendur og hreindýr þar sem vegir eru lagðir um búsvæði hreindýra, sbr.

reynslu af Háreksstaðaleið. Því er mikilvægt að hugað sé að aðvörunarskiltum á þeim svæðum þar sem vitað er um ferðir hreindýra.

Sjónræn áhrif

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fjallað verði um áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd lands á svæðinu. Útsýni að og frá framkvæmdasvæðum verður metið og sjónræn áhrif þeirra.

Í umfjöllun um sjónræn áhrif er tvennt sem stofnunin vill koma á framfæri. Í fyrsta lagi bendir stofnunin á nauðsyn þess að afmarka sérstaklega áhrifasvæði vegna sjónrænna þátta, svo sem áætlað er að gera skv. þessari matsáætlun. Áhrifasvæði er oft talsvert viðfeðmara en áhrifasvæði vegna beinna áhrifa á landslag eða aðra þætti náttúrufars. Í því samhengi má benda á að víða erlendis tíðkast að skilgreina sérstaklega s.k. „zone of visibility” og miða mat á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar við það áhrifasvæði.

Í öðru lagi er afar mikilvægt að við mat á sjónrænum þáttum sé beitt skýrum viðmiðum sem byggja á eðli viðtakanda (s.s. íbúðabyggð, útivistarsvæði osfrv.), sýnileika og fjarlægðum frá mannvirkinu. Má þar benda á að með markvissri greiningu á stöðum þar sem útsýni eða breytingar á landslagi gætu orðið neikvæðar í kjölfar framkvæmda verður matið markvissara. Með því má jafnframt spara tilkostnað við gerð matsins. Hugsanlegir staðir þar sem verulegra neikvæðra áhrifa kann að gæta vegna byggingar þessa vegar eru þekktir veiðistaðir í Hofsá, gönguleiðir eða útsýni frá bæjum í nálægð við veginn.

Vinnubúðir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ef verktaki muni setja upp vinnubúðir verði tilskilinna leyfa aflað. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að fjalla nánar um reglugerðir vegna uppsetningar og reksturs vinnubúðanna og starfsemi þeirra m.t.t. frárennslis, orkunotkunar, vatnsnotkunar, sorps og úrgangs frá byggingarsvæði o.fl.

Umhverfisstofnun telur að auk þessa ætti að sýna hugsanlega staðsetningu vinnubúða á korti í matsskýrslu.


Efnistaka


Hugsanlegri efnistöku er gerð ágæt skil í tillögu matsáætlun. Stofnunin bendir hins vegar á að vegna verndargildis Hofsár er varhugavert að nema efni úr ánni og ætti að forðast slíka efnistöku eftir fremsta megni.

Samráð og eftirlit

Í matsáætlun kemur fram að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar vegna ákveðinna þátta verksins, s.s. efnistöku. Umhverfisstofnun bendir á að hafa ber samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar um tilhögun eftirlits.

Virðingarfyllst,


Olafur Arnason
Sérfræðingur


Helgi Jensson
Forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs